

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistarar: Helga R. Óskarsdóttir og Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Jónína Thorarensen
Anna Heynitz
Rós Pétursdóttir
Christina Guzman Oliete
Hrafnhildur Stefánsdóttir
Fífa Jónsdóttir

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Henný Prastardóttir

Vióla

Hrefna Katrín Guðmundsdóttir
Paul-William Marti
Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Stephanie Lovell

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Freyja Jónsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Leifur Benediktsson
Kjartan Guðnason

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Dagný Marinósdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Fagott

Pórður Tryggvason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Torfi Gunnarsson
Arve Eriksón
Valdís Nína Gylfadóttir
Gylfi Guðnason

Trompet

Steinar M. Kristinsson
Snorri Valsson

Básúnur

Halldór Björn Halldórsson
Ingi Garðar Erlendsson

Slagverk

Steev van Oosterhout
Frank Aarnink
Jón Geirfinnsson

efnisráðgjafi - pólifóna

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna



Íslensk tónlist á aðventu

í Neskirkju

laugardaginn 4. desember 2010

kl. 17:00

Stjórnandi:

Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Takið eftir breyttum stað og vikudegi!

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 13. febrúar 2011 klukkan 17. Þá flytur hljómsveitin franska og ítalska tónlist. Á efnisskránni eru verk eftir Ravel, Fauré, Respighi og Castelnuovo-Tedesco. Þórarinn Sigurbergsson leikur einleik í gítarkonsert eftir síðastnefnda tónskáldið og stjórnandi verður Oliver Kentish. Nánari upplýsingar um vetraráætlun hljómsveitarinnar má fá á vefsíðu hennar:

www.ahugasinfonia.is

Hljómsveitin þakkar

Neskirkju, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands
ómetanlegan stuðning.



EFNISSKRÁ:

Jón Leifs:

Tilbrigði við stef eftir Beethoven, *Variazioni Pastorali op. 8*

Thema, Adagio e molto cantabile

Var. I, L'istesso tempo

Var. II, L'istesso tempo, quasi grave, ossia pochettino meno mosso

Var. III, Allegro

Var. IV, Allegro scherzando

Var. V, Moderato

Var. VI, Moderato alla marcia

Var. VII, Allegro molto, ma energico

Var. VIII, Allegro vivace brillante

Var. IX, Quasi grave

Var. X, Finale, Adagio cantabile, ma animato

Hildigunnur Rúnarsdóttir:

Blandaðir dansar

1. *Mars*

2. *Vals*

3. *Mazurka*

4. *Jarðarfaramars*

5. *Sveitadans*

- HLÉ -

Magnús Blöndal Jóhannsson:

Adagio fyrir strengi, selestu og slagverk

Jón Leifs:

Íslensk rímnadanzlög, op. 11

I. Allegretto

II. Tempo giusto

III. Allegro moderato ed energico

IV. Allegro vivace



Snorri Valsson fæddist í Reykjavík og hóf blokkflautunám 7 ára gamall en færði sig fljótt yfir á trompet. Fyrstu árin var hann í Tónskóla Sigursveins undir handleiðslu Viðars Alfreðssonar en á unglingsárunum naut hann einnig leiðsagnar Sæbjarnar Jónssonar, Jóns Sigurðssonar og Lárusar Sveinssonar. Auk þess lék Snorri af krafti með Lúðrasveitinni Svan. Þá var haldið til Vínarborgar í Tónlistarháskólann 1984-89. Prófessorinn þar á bæ var Carole Dawn Reinhart, fyrrum skólasystir Lárusar. Eftir heimkomuna til Íslands lék Snorri í ýmsum verkefnum hér, aðallega í léttari tónlist. Aðalstarfið

undanfarin ár hefur verið sem ökuleiðsögumaður með þýsku- og enskumælandi ferðamenn auk þess að kenna tilvonandi leiðsögumönnum við Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands. Snorri hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna með hléum frá 2007.

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG



Drífa Örvarsdóttir, fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, er nemi í Sálfræðideild Háskóla Íslands. Hún hóf fiðlunám fjögurra ára í Tónskóla Sigursveins hjá Aðalheiði Matthíasdóttur. Þrettán ára gömul fór hún yfir í Tónlistarskóla Kópavogs og lauk miðstigi þar undir leiðsögn Svövu Bernharðsdóttur. Hún spilaði einnig með skólahljómsveitinni í Tónlistarskóla Kópavogs í nokkur ár og tók þátt í Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna í nokkur

skipti. Drífa hefur sungið í kór frá unga aldri og syngur núna með stúlnakórnum *Graduale Nobili*. Hún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frá því í byrjun árs 2009 og spilar þar einnig í kammersveitinni *Blúndur* og bogi.



Halla Björg Baldursdóttir hóf sitt tónlistarnám í fiðluleik átta ára að aldri. Nokkrum árum síðar lagði hún fiðluna á hilluna og hóf píanónám sem hún stundaði þar til háskólanám og stofnun fjölskyldu tók við í lífi hennar. Þegar um hægðist á þeim vettvangi tók hún aftur til við píanónámið en þegar elsti sonurinn hóf að spila á fiðlu með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna vaknaði áhugi á að komast í þann góða hóp og fá þannig tækifæri til að spila í stórum hópi hljóðfæraleikara. Til þess lagði hún á sig sex ára fiðlunám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, fyrst hjá Katrínu Árnadóttur og síðan hjá Gretu Guðnadóttur. Að

því loknu hóf hún að spila með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og hefur starfað með hljómsveitinni síðastliðin fjögur ár. Halla Björg hefur lokið B.Sc prófi í stærðfræði, M.Sc í tölvunarfræði og MBA í viðskiptafræði. Hún starfar nú sem forstöðumaður rafrænnar stjórnsýslu hjá Þjóðskrá Íslands. Auk tónlistaráhugans hefur hún mikinn áhuga á ljósmyndun.

TÓNSKÁLD, VERK OG FLYTJENDUR:



Jón Leifs (1899-1968) fæddist í Austur-Húnavatnssýslu en fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Reykjavíkur barn að aldri. Þar lærði hann á píanó og fór svo til Leipzig í Þýskalandi til frekara tónlistarnáms. Hann lagði stund á píanóleik, hljómsveitarstjórn og tónsmíðar við háskólann þar og ílentist í Þýskalandi að námi loknu. Vegur hans var talsverður þar, bæði sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Stjórnaði hann meðal annars Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar og fór með henni í tónleikaferð til Noregs, Færeyja og Íslands sumarið 1926. Hljómsveitin hélt tónleika í Reykjavík á hverju kvöldi í hálfan mánuð

og fengu Íslendingar þar í fyrsta sinn að heyra í fullskipaðri sinfóníuhljómsveit. Verk Jóns voru flutt víða, meðal annars á tónleikum Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Berlín 1936. Árið 1945 fluttist Jón til Íslands og vann hér ötullega að félags- og höfundaréttarmálum listamanna. Hann átti meðal annars frumkvæði að stofnun Tónskáldafélags Íslands.

Variationi Pastoralis op. 8 eru tilbrigði við stef úr strengjatríói eftir Beethoven. Verkið er samið 1927, upphaflega fyrir strengjakvartett að því er virðist. Stefið er fyrst leikið lítið sem ekkert breytt og í fyrsta tilbrigði örlar enn lítið á Jóni Leifs. Þá bregður til tíðinda svo um munar og í tilbrigðunum sem á eftir fara gefur tónskáldið sýnishorn af hugmyndaauðgi sinni, nánast eins og efnisyfirlit yfir lífsstarfið sem framundan var.

Á árunum rétt fyrir og um 1930 safnaði Jón Leifs þjóðlagaefni á Íslandi, ferðaðist um og tók söng alþýðufólks upp á vaxhólka. Þetta efni varð honum uppspretta hugmynda í tónverk. Íslensk rímnadanzlög ópus 11 eru sprottin upp úr þessum efniviði. Þau eru safn rímnalaga sem Jón ýmist samdi sjálfur eða útsetti. Upphaflega útgáfan er skrifuð fyrir píanó 1929 en vegna mikilla vinsælda verksins voru gerðar útsetningar á því fyrir salónhljómsveit, litla sinfóníuhljómsveit og fyrir karlakór. Hljómsveitargerðin, sem hér verður leikin, var gefin út í Leipzig árið 1931. Útsetningarnar eru, að minnsta kosti að nokkru leyti, verk Leopolds Weningers. Meðal höfundareinkenna Jóns, sem koma sterk fram í þessu verki, eru samstíga fimmundir og tíð taktskipti, hvort tveggja mjög áberandi í íslenskum þjóðlögum. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti Rímnadansa Jóns á tónleikum sínum í Fílharmonie í Berlín í september 2008.



Hildigunnur Rúnarsdóttir hóf tónlistarnám 7 ára gömul. Hún lærði fyrst á fiðlu í Tónlistarskóla Garðabæjar og gekk skömmu síðar í Skólakór Garðabæjar. Hún lauk prófi frá tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1989 með tónsmíðar sem aðalgrein. Síðan nam hún tónsmíðar og formfræði nútímatónlistar hjá prófessor Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Meðal helstu verka hennar eru barnaóperan Hnetu-Jón og gullgæsin, Blandaðir dansar fyrir hljómsveit, Konsert fyrir orgel, strengi og slagverk og Messa í minningu Guðbrands Þorlákssonar fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga. Sumrin 1994 og 1997 voru verk Hildigunnar, Syngur sumarregn, fyrir kór og sópran sóló, og Andvökunótt, fyrir kór og baritón sóló, valin á geisladiska kórahátíðarinnar Europa Cantat. Hildigunnur vann til tvennra verðlauna í tónsmíðakeppni sem Karlakór Reykjavíkur stóð fyrir árið 2001. Hún situr nú í stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Tónskáldafélags Íslands. Hildigunnur hefur leikið á fiðlu í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna um árabil og stundum verið í hlutverki konsertmeistara eða stjórnanda. Að þessu sinni er hún konsertmeistari. Í hljómsveitinni leika einnig dætur hennar tvær, Fífa og Freyja.

Blandaðir dansar voru samdir fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á árunum 1997-1998 og frumfluttir á tónleikum hljómsveitarinnar í Nes Kirkju í apríl 1998 undir stjórn Ingvars Jónassonar. Dansarnir eru sinn úr hverri áttinni, allt frá jarðarfarmörsum yfir í dapurlega valsa og glaðlegri mazurka og sveitadansa. Hugmyndin er að mynda eina heild úr mismunandi formum og hryntegundum, með svipaðri hljómanotkun. Í verkinu er notast eilítið við kirkjutóntegundir. Laglína mazurkans er til dæmis í hreinni dórískri tóntegund þó hljómaspilið geti sveiflast út frá tónstiganum.



Magnús Blöndal Jóhannsson (1925-2005) fæddist og ólst upp í Skálum á Langanesi. Tónlistarhæfileikar hans komu fram strax á barnsaldri. Á þriðja ári lék hann þekkt lög á heimilispíanóið eftir eyranu og sex ára gamall var hann byrjaður að semja eigin lög. Hann fór til náms í píanóleik og tónsmíðum í Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar til New York. Þar stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn, píanóleik og tónsmíðum við Julliard-tónlistarháskólann. Árið 1954 fluttist hann heim til Íslands og hóf þegar að setja mark sitt á tónlistarlífið hér enda hámenntaður og skarpgreindur. Hann var einn af stofnendum Musica Nova 1960 en sá félagsskapur stóð fyrir flutningi nútímatónlistar í Reykjavík og reyndi verulega á þolrifin í íhaldssamari hluta tónleikagesta hér á landi. Magnús var mjög tæknisinnnaður og gerðist frumkvöðull í notkun rafeinda-tækninnar við tónsköpun. Auk hefðbundinna hljóðfæra notaði hann segulbandstæki og hljóðgervla við tónsmíðar sínar. En tækniáhugi hans kom einnig fram á öðrum vettvangi. Hann var meðal annars ljósmyndari, skútusigliari og mikill áhugamaður um svifflug og var formaður Svifflugfélags Íslands í mörg ár. En ekki fara alltaf saman gæfa og gjörvileiki. Magnús háði langa og illvíga baráttu við áfengissýki og varð fyrir alvarlegum áföllum. Í mörg ár samdi hann ekki tónlist svo vitað sé. Þegar hann tók aftur til við skriftir um 1980 var stíllinn breyttur. Frá þessu tímabili er Adagio fyrir strengi, selestu og slagverk, sem hér verður flutt. Einfalt, einlægt og blíðlegt verk, ekki ósvipað því sem mínimalistar nútímans skapa. Í hugann kemur Fratres eftir Arvo Pärt, sem Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti í mars 2009, eða Hymni eftir Snorra Sigfús Birgisson sem flutt var í febrúar á þessu ári.